

**Nd.**

**265. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 68 12. apríl 1945, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir orðinu „aldurstakmarkið“ í k-lið 4. gr. laganna komi: fyrir skipstjóra.

2. gr.

Fyrri málsgrein b-liðar 8. gr. laganna skal hljóða svo: hefur eftir 16 ára aldur verið 36 mánuði háseti á skipi 30 rúmlestir eða stærra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Nefndin sendi það skólastjóra sjómannaskólans til umsagnar. Umsögn hans fylgir frumvarpinu.

## Fylgiskjal.

### STÝRIMANNASKÓLINN

Reykjavík, 23. nóvember 1945.

Með bréfi, dags, í gær, sendi háttv. sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis mér til umsagnar samþykktir frá sambandsþingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi breytingar á núgildandi lögum um atvinnu við siglingar á ísl. skipum. Skal ég vegna þessa leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Höfuðástæðan fyrir óskum sambandsþingsins eftir nefndum breytingum mun vera sú, að því mun þykja ákvæði laganna um 18 mánaða hásetatíma á skipum yfir 60 rúml. torvelda piltum að fá inngöngu í stýrimannaskólann. Í reglugerð skólans segir, að til inngöngu í skólann þurfi  $\frac{2}{3}$  þess siglingatíma, sem krafist er í lögum um atvinnu við siglingar, til þess að geta öðlazt það stýrimannsskírteini, sem hlutaðeigandi próf veitir, og verða það því 24 mánuðir fyrir fiskimenn. Af þessum 24 mánuðum hafa fiskimenn þó aðeins verið látnir leggja fram vottorð um 6 mánaða hásetatíma á skipum yfir 60 rúml. auk 18 mánaða hásetatíma á minni skipum, þegar svo hefur staðið á, þó sjálfsagt megi krefjast  $\frac{2}{3}$  hásetatíma á hvorri stærð skipa fyrir sig, eða 12 mánaða á móti 12.

Nemendur í fiskimannadeildum skólans eru nú rúmlega 90, þar af 45 nýsveinar auk nokkurra nýsveina, sem lesa undir fiskimannapróf á námsskeiði skólan's á Ísafirði. Aðsókn að skólanum er því mikil, þrátt fyrir þetta ákvæði laganna, og þess ber einnig að gæta, að ávallt hljóta að vera takmörk fyrir því, hve mörgum nemendum er hægt að veita viðlöku í skólann, með þeim kennslukröftum, sem hann hefur yfir að ráða hvert sinn.

Enn fremur ber þess og að gæta, að þegar maður ræðst stýrimaður á skip, á hann að vera það fær til allra verka á skipinu, að hann geti veitt undirmönnum sínum til sögn, í stað þess að þurfa að taka við henni af þeim. Nú má maður, sem lokið hefur fiskimannaprófi, gegna störfum sem stýrimaður á fiskiskipi af hvaða stærð sem er, hafi hann tekið stýrimannsskírteini, og því finnst mér nauðsynlegt, að hann hafi einnig verið háseti á hinum stærri skipum, en ekki eingöngu á hinum minni, svo að hann þekki öll tæki og meðferð hinna stærri skipa sem hinna minni.

Ég get því ekki fallizt á tillögur sambandsins óbreyttar, bæði af ofangreindum ástæðum og eins vegna þess, að samkvæmt þeim virðist síðari málsgrein b-liðs 8. gr. laganna verða að falla niður með öllu, sem ég teldi órétt, enda varla samkvæmt óskum sambandsþingsins. Hins vegar sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að sú breyting verði gerð á staflið b, að í stað „18 mánuðir“ í fyrra málsgrein komi „12 mánuðir“, og að í stað „12 mánuðir“ í síðari málsgrein komi „6 mánuðir“, og gæti jafnvel fallizt á til samkomulags, að á báðum stöðum kæmu „6 mánuðir“, þ. e. í stað „18“ og „12“.

Að lokum vil ég leyfa mér að benda háttv. sjávarútvegsnefnd á, að í k-lið 4. gr. laganna eiga í stað orðsins „aldurstakmarkið“ að koma orðin „aldurstakmarkið fyrir skipstjóra“. Þetta sést af efni greinarinnar, en hefur af einhverjum orsökum gleymzt.

Virðingarfyllst.

Friðrik Ólafsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.